

## Fyrirspurn

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um umönnunargreiðslur vegna hjartveikra barna.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Framfærendur hversu margra hjartveikra barna hafa fengið greiðslur skv. 1. flokki umönnunargreiðslna samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, nr. 118/1993?
2. Hyggst ráðherra bregðast við álitum umboðsmanns Alþingis frá 1998 vegna kvörtunar Neistans, styrktarfélags hjartveikra barna, um að reglugerðarákvæði þrengi réttindi til umönnunargreiðslna samkvæmt lögum?